

Samtökin '78

# Starfsskýrsla

---

2012-2013



Lögð fyrir aðalfund 9. mars 2013

# Fjölbreytni til framtíðar

## Samtökin 78

Samtökin 78, félag hinsegin fólks á Íslandi, eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.

Samtökin '78 reka menningar- og þjónustumiðstöð við Laugaveg 3 í Reykjavík, 4. hæð, sem er öllum opin. Félagið rekur einnig bókasafn á sama stað og er það opið á skrifstofutíma og á fimmtudagskvöldum kl. 20–23.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 13–17

**Samtökin '78**  
**Laugavegi 3, 4. hæð**  
**Sími 552 78 78**  
**[www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is)**  
**[skrifstofa@samtokin78.is](mailto:skrifstofa@samtokin78.is)**



# Efnisyfirlit

Rekstur	4
Fræðsla	8
Ráðgjöf	9
Menningar- og félagsmiðstöð	12
Útgáfa og fjölmiðlun	14
Viðburðir	15
Evrópusamstarf	18
Mannréttindi og alþjóðastarf	19
Starfshópar og hagsmunafélög	20

## Fylgigögn:

Ársreikningur 2012  
Fjárhagsáætlun 2013

# REKSTUR

Aðalfundur Samtakanna '78 2012 var haldinn fimmtudaginn 15. mars í Regnbogasal. Á fundinn mættu 40 félagar. Eftirfarandi félagar voru kjörnir í stjórn:

Guðmundur Helgason, formaður  
Sigurður Júlíus Guðmundsson, varaformaður  
Gunnlaugur Bragi Björnsson, gjaldkeri  
Fríða Agnarsdóttir, ritari  
Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir, meðstjórnandi  
Svavar Gunnar Jónsson, meðstjórnandi  
Ugla Stefanía Jónsdóttir, meðstjórnandi

Mannaskipti urðu í stjórn á árinu þegar Ugla Stefanía sagði sig úr stjórn eftir að hún var ráðin fræðslufulltrúi Samtakanna '78 á haustmánuðum. Trúnaðarráð valdi í kjölfarið Sigurlaugu Brynju Arngrímsdóttur til þess að taka sæti Uglu í stjórn líkt og lög félagsins gera ráð fyrir.

Til trúnaðarráðs voru kjörin: Anna Pála Sverrisdóttir, Ásta Ósk Hlöðversdóttir, Birna Hrönn Björnsdóttir, Björn Magnús Stefánsson, Brad Sykes, Guðrún Rögnvaldardóttir, Gunnar Helgi Guðjónsson, Halldóra Theódórsdóttir, Natan Kolbeinsson, Sigurlaug B. Arngrímsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Sigurjón Guðmundsson og Sverrir Jónsson.

Á aðalfundinum sóttu fimm félög um að gerast hagsmunafélög að Samtökunum '78 og voru þau öll samþykkt af fundinum. Félögin eru; Félag hinsegin foreldra, Hinsegin kórin, St.Styrmir, Trans-Ísland og Q-félag hinsegin stúdenta.

Stjórn fundaði formlega 23 sinnum á starfsárinu og hélt þar fyrir utan ýmsa óformlega vinnufundi, vann við breytingar og tiltekt í félagsmiðstöð og annað þess háttar. Haldnir voru lögbundnir trúnaðarráðsfundir að vori og hausti, óformlegur kynningarfundur með trúnaðarráði auk félagsfundar að hausti þar sem lögð var fram fjárhagsáætlun,, farið var yfir starf félagsins og ýmis mál reifuð.

Nokkrar nefndir/starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu en þær eru:

## Afmælisnefnd

Samtökin '78 eiga 35 ára afmæli á árinu og að því tilefni var skipuð nefnd sem hefur það hlutverk að skipuleggja viðburði á afmælisárinu. Hugmyndin er að bjóða uppá 35 viðburði – einn fyrir hvert ár sem Samtökin hafa starfað. Nefndina skipa Árni Grétar Jóhansson framkvæmdastjóri, Guðmundur Helgason formaður, Svavar Gunnar Jónsson meðstjórnandi og Ugla Stefanía Jónsdóttir fræðslufulltrúi. Við auglýsum eftir viðburðum sem bjóða mætti uppá í tilefni tímamótanna hvort sem þeir eru fræðslu-, skemmtanalegs- eða menningarlegs eðlis.

## Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd tók til starfa á vormánuðum eftir stjórnarkosningar en þar er samankominn hópur fólks sem allt lætur sig mannréttindi og alþjóðastarf varða. Líkt og annað sjálfboðastarf þá takmarkast virkni nefndarinnar af frítíma þeirra sem í nefndinni sitja og hefur hann ekki verið mikill undanfarið ár. Nefndin heldur þó úti Facebook-grúppu þar sem skipst er á upplýsingum og hafa nefndarmenn látið til sín taka á ýmsum vettvangi líkt og með bréfaskriftum til utanríkisráðherra vegna ýmissa mála, skrifað undir bréf í frönskum fjölmiðlum til stuðnings hjónaböndum samkynhneigðra, þýtt erlendar fréttatilkynningar og komið á framfæri við íslenska fjölmiðla og svo mætti lengi

telja. Í nefndinni sitja: Anna Pála Sverrisdóttir, Ásta Ósk Hlöðversdóttir, Guðmundur Helgason, Hilmar Magnússon (alþjóðafulltrúi S78), Ragnar Þorvarðarson, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Sigurlaug Brynja Arngrímsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir.

## **Fræðslunefnd**

Í kjölfar félagsfundar í október var skipuð fræðslunefnd og í henni situr fólk sem áhuga hefur á fræðslumálefnum í sinni víðustu mynd en nefndin er hugsuð sem bakland fyrir fræðslufulltrúa að leita til eftir hugmyndum er varða fræðsluna. Sem stendur starfar nefndin óformlega á facebook en fyrsti formlegi fundur nefndarmanna féll niður vegna óveðursins á dögnum. Í nefndinni sitja Auður Halldórsdóttir, Guðmundur Helgason, Matthías Matthíasson, Sigríður J. Valdimarsdóttir auk Uglu Stefaníu fræðslufulltrúa.

## **Húsnæðisnefnd**

Á félagsfundi haustið 2011 var ákveðið að skipa þarfagreiningarnefnd sem skyldi skoða húsnæðismál Samtakanna '78 og hinna ýmsu hagsmunafélaga sem nýta húsnæði félagsins. Erfiðlega gekk að fá fólk í nefndina og á endanum varð úr að Sigurlaug Brynja Arngrímsdóttir og Árni Grétar Jóhannsson tóku að sér að skoða húsnæðismálin. Fengu þau tvö fasteignasala til þess að meta húsnæðið og eins kom iðnaðarmaður á svæðið til að athuga ástand hússins. Sendur var póstur á hagsmunafélögin sem nýta húsnæðið þar sem beðið var um upplýsingar um helstu þarfir félaganna varðandi húsnæði. Lítið barst af formlegum svörum en það kemur ekki mjög að sök þar sem framkvæmdastjóri hefur nokkra yfirsýn yfir þarfir þeirra sem nýta húsnæðið. Það væri þó ekki óvitlaust að stefna saman á fund þessum aðilum sem standa fyrir viðburðum/starfsemi í húsinu og ræða hvernig draumahúsnæðið okkar er. Á trúnaðarráðsfundi í haust var svo unnið með húsnæðismálin í hópavinnu og ýmsar skapandi hugmyndir litu dagsins ljóss. Vinna sem hægt er að byggja framhaldið á að einhverju leiti.

## **Nefnd um skipan mannréttindaviðurkenningar**

Á haustfundi trúnaðarráðs og stjórnar var ákveðið að skipa vinnuhóp sem myndi móta vinnureglur stjórnar varðandi veitingu mannréttindaviðurkenninga Samtakanna '78. Í nefndinni sátu Gunnar Helgi Guðjónsson, Sigurður Júlíus Guðmundsson og Sigurlaug Brynja Arngrímsdóttir. Nefndin fundaði nokkrum sinnum og kynnti stjórn hugmyndir sínar tvisvar sinnum og vann meira í hugmyndunum þess á milli. Afrakstur þeirrar vinnu kynnum við hér í dag en reglurnar miða að því að búa til vandaða umgjörð fyrir undirbúning, framkvæmd kosningar og veitingu viðurkenninganna.

## **Starfshópur um ættleiðingar hinsegin fólks**

Á haustfundi stjórnar og trúnaðarráðs Samtakanna '78 var ákveðið að skipa starfshóp um ættleiðingar hinsegin fólks. Í starfshópnum tóku sæti Gunnlaugur Bragi fyrir hönd stjórnar, Anna Pála Sverrisdóttir fyrir hönd trúnaðarráðs, Katrín Oddsdóttir og Unnsteinn Jóhannsson fyrir hönd óformlegs rannsóknarhóps sem starfað hafði um málefnið um nokkurt skeið. Hópurinn leitaði til Felix Bergssonar sem kom inn sem fimmti nefndarmaður. Hópurinn hefur unnið rannsóknarvinnu á sviði ættleiðingamála, fundað með Íslenskri ættleiðingu, Utanríkisráðuneytinu og fleiri aðilum. Sú vinna mun halda áfram á næstu misserum í von um breytingar í þágu okkar fólks.

## **Fjármál**

### ***Rekstrartekjur og gjöld:***

Rekstrartekjur félagsins jukust talsvert á árinu 2012 og námu 13.537.560 kr. en voru 10.679.047 kr. árið 2010. Mestu munar þar um verulega hækkun tekna gegnum félagsmiðstöð (hækkun um 1,5 milljón milli ára) og aukin félagsgjöld (hækkun um tæpa milljón milli ára).

Rekstrargjöld ársins voru 9.419.508 kr. samanborið við 8.453.991 kr. árið 2011

### ***Eignir, eigið fé og skuldir:***

Fasteignamat húseignarinnar við Laugaveg 3 var um síðastliðin áramót 24.510.000 kr. og brunabótamat er 49.100.000 kr. Húseignin við Laugaveg eru einu varanlegu fastafjármunir félagsins. Veltufjármunir félagsins í árslok 2012 voru 917.619 kr. og höfðu því hækkað nokkuð frá fyrra ári en voru í árslok 2011 neikvæðir að upphæð 1.768.494 kr.

Áhvílandi húsnæðisskuldir (langtímaskuldir) um áramót voru 11.734.161 kr. Árið 2011 sömdu forsvarsmenn Samtakanna '78 við Íslandsbanka um höfuðstólslækkun sem skilaði félaginu nokkurri lækkun skulda. Skammtímaskuldir stóðu um áramót í 596.830 kr. en voru 804.442 kr. árið 2011.

Eignir í loks árs 2012 voru 25.427.619 kr. samanborið við 21.311.506 kr. í loks árs 2011.

### ***Styrkir***

Samtökin '78 hafa ekki verið á fjárlögum Alþingis undanfarin ár en fengið þess í stað styrk frá ríkinu (Velferðarráðuneytinu) sem árið 2012 nam 4.700.000 kr. sem var lækkun um 500.000 kr. frá fyrri tveimur árum. Borist hefur staðfesting á að framlag ríkisins til félagsins í ár verði hið sama. Þjónustusamningur félagsins við Reykjavíkurborg frá árinu 2012 gildir enn og felur í sér 2.500.000 kr. framlag frá borginni til félagsins á ári fram til 2014.

Stjórn félagsins hefur á undanfögnu ári unnið áfram að því að rétta fjárhag félagsins við. Yfirdráttur á að aðalbankareikning Samtakanna '78 lækkaði jafnóðum á árinu 2012 og var handbært fé félagsins jákvætt í árslok, eða rúm 300 þúsund samanborið við neikvæðar 2,3 milljónir í lok árs 2011. Hagnaður frá rekstri félagsins á síðastliðnu ári var tæpum tveimur milljónum hærri en árið 2011, eða ríflega 4,1 milljón.

## **Starfsmannahald**

Árni Grétar Jóhannsson hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Samtakanna í 50% starfi á starfsárinu. Enn hefur ekki tekist að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra vegna fjárhagsstöðu félagsins. Einhverjum verkefnum framkvæmdastjóra hefur verið sinnt af stjórnarmeðlimum í sjálfböðastarfi til að halda félaginu gangandi en það hefur sýnt sig að starfsemin er umfangsmeiri en svo að það geti gengið til lengdar að hafa framkvæmdastjóra í aðeins hálfu starfi. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fræðslumálum í samvinnu við fræðslufulltrúa og ráðgjafa, fjármálastjórn, innheimtu og fjáröflun í samvinnu við gjaldkera, sem og almennu markaðs- og kynningarstarfi.

Auður Halldórsdóttir sem ráðin var sem fræðslufulltrúi síðla árs 2011 lét af störfum á vormánuðum 2012. Framkvæmdastjóri sinnti þeim fræðslumálum sem upp komu sumarið 2012. Ákveðið var að taka fræðslumál félagsins enn og aftur til endurskoðunar með það að markmiði að efla þau og bæta. Þá um haustið var 50% starf fræðslufulltrúa auglýst og var Uglya Stefanía Jónsdóttir sem starfað hefur í þágu félagsins sem sjálfböðaliði undanfarin ár ráðin til starfa.

Ráðgjafar Samtakanna '78 hafa á árinu hafa verið þrír, það eru þær Sigríður Birna Valsdóttir, Elísabet Þorgilsdóttir og Anna María Valdimarsdóttir. Þær hafa allar sinnt ráðgjafaviðtölum en lesa má nánar um ráðgjöfina annars staðar í þessari skýrslu.

Fríða Agnarsdóttir hefur áfram séð um rekstur á Regnbogasal og ræstingar en auk hennar stendur fastur kjarni fólks vaktina á opnum húsum á fimmtudagskvöldum, meðal annarra Dagrún Jónsdóttir, Svavar G. Jónsson og Baldvin Baldvinsson. Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur og Þorvaldur Kristinsson höfðu sem fyrr umsjón með bókasafninu ásamt sjálfboðaliðum en nánar er fjallað um bókasafnið annars staðar í skýrslunni. Guðrún Ó. Axelsdóttir sá áfram um bókhald félagsins í samráði við gjaldkera félagsins.

## **Framkvæmdir við húsnæði**

Lítið hefur verið um framkvæmdir á þessu starfsári en þó tók stjórn sig til á dögnum og hreinsaði útúr langa herberginu svokallaða og endurskipulagði allt þar inni. Í kjölfarið hefur skapast mikið geymslurými auk þess sem fræðslufulltrúi hefur nú sinn stað til þess að vinna á. Ráðgjöf Samtakanna '78 hefur áfram sitt heimili í herbergi inn af bókasafni og munar miklu um það næði sem þar fæst. Ferðaskrifstofan Pink Iceland leigir ennþá herbergið sem var fundarherbergið fyrir starfsemi sína og færir óneitanlega meira líf í húsið.

Húsnæðisnefnd félagsins fékk tvo fasteignasala til að koma og meta húseignina og smíð til þess að meta rakaskemmdir við glugga og loft Laugavegsmegin í húsinu. Það er ljóst að þar eru skemmdir sem þarf að ganga í að laga fyrir en síðar og er það eitthvað sem húsfélagið í heild sinni myndi þurfa að borga. Treglega hefur gengið að fá húsfélagið til viðræðna um þær framkvæmdir. Þorsteinn eigandi annarar og þriðju hæðar hefur nýlega fest kaup á fimmtu hæðinni einnig og er þar með orðinn meirihlutaeigandi í húsinu. Nýlega barst beiðni inn á borð framkvæmdastjóra um að Samtökin gerðu honum sölutilboð í okkar hluta eignarinnar. Því var svarað á þann veg að ef viðkomandi hefði áhuga á að kaupa okkur út þá gæti hann gert okkur kautilboð sem við myndum svo skoða í kjölfarið. Það er því nokkuð ljóst að þreifingar eru farnar af stað í húsnæðismálum og ef eitthvað markvert gerist myndi stjórn boða til félagsfundar þar sem frekari ákvarðanir yrðu teknar.

## **Félagatal**

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2012 voru samtals 449 og er það aukning um 37% frá fyrra ári en árið 2011 greiddu 327 félagsgjöldin. Árið 2010 greiddu 375 félagsgjöld og árið 2009 voru þeir 441. Fjöldi félaga á skrá er núna 1008 og því aðeins 45% félagsmanna sem greiða gjöldin. Félagatalið er komið í góðan farveg í dag og aldrei hafa jafnmargir einstaklingar verið skráðir í félagið. Nú þarf að virkja alla félagsmenn til að greiða og þá fær félagið meiri tekjur sem svo nýtast í rekstur félagsins.


Við sjáum aukningu í öllum landshlutum, þó mest á Austurlandi en á Vesturlandi þar fækkaði um 2 féлага. Breytingar voru gerðar á félagsgjöldunum fyrir 2012 og voru þau sem hér segir: Almennu félagsgjald kr. 4.900, 2.500 krónur fyrir lífeyrisþega og fólk 24 ára og yngri, og 1.500 krónur fyrir ungliða 19 ára og yngri. Þegar starfsskýrslu texti þessi var ritaður þann 27.febrúar 2013 voru samtals 259 búnir að greiða árgjöldin fyrir 2013.



## Félagatalið í tölum:



### Aldursskipting greiddra félagsgjalda

	2011	2012
20 og yngri	22	5
21-30	26	78
31-40	57	110
41-50	51	114
51-60	32	94
61 og eldri	77	48
Aldur ekki vitaður	62	0
<b>Samtals</b>	<b>327</b>	<b>449</b>



Póstnúmer eru frá 101 Reykjavík upp í 900 Vestmannaeyjar.

Búseta félagsmanna	2011	2012
Höfuðborgarsvæðið 100-200	819	855
Vesturland 300-400	38	36
Norðurland 500-600	47	53
Austurland 700	8	10
Suðurland 800-900	31	35
Erlendis	14	15
Óvitað	0	4
<b>Samtals</b>	<b>957</b>	<b>1008</b>



## FRÆÐSLA

Fræðsla á vegum félagsins skiptist í grófum dráttum í jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum annars vegar og hinsvegar fræðslu til fagfólks, einkum starfsfólk skóla svo sem til kennara, námsráðgjafa, skólasálfræðinga og skólahjúkrunafræðinga. Einnig hafa hópar nemenda frá Háskóla Íslands komið í heimsókn í Samtökin '78 og fengið kynningu á starfi félagsins og sögu hinsegin fólks á Íslandi.

Á starfsárinu (nóvember 2012 til 9. mars 2013) voru haldnir 21 fræðslufundir í grunn- og menntaskólum. Þá voru 2 fundir haldnir fyrir fagfólk grunnskóla og einn fundur fyrir ungmennahóp Rauðakross Íslands í Mosfellsbæ. Samtals gerir þetta 24 fundi á starfsárinu.

Einnig var haldið námskeið fyrir þátttakendur í jafningjafræðslunni þar sem farið var í leiðbeinadataekni og voru Svanfríður Anna Lárusdóttir og Vignir Ómarsson leiðbeinendur á því námskeiði. Við viljum nýta tækifærið og þakka þeim kærlega fyrir sín störf og um leið viljum við þakka þátttakendum í jafningjafræðslunni kærlega fyrir. Án þeirra væri jafningjafræðslan ekki möguleg.

Ugla Stefanía Jónsdóttir var ráðin fræðslufulltrúi Samtakanna '78 í nóvember 2012.

### Jafningjafræðsla

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin '78 boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum en flestir fundanna eru í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Frá október 2011 og út maí 2012 sá Auður Halldórsdóttir um Starfsskýrsla 2012-2013



jafningjafræðslustarfið og var jafnframt Ungmennafulltrúi og var ungliðum innan handar á fundum þeirra. Félagar úr ungliðahópi Samtakanna '78 voru virkir í jafningjafræðslu í skóla ásamt Ungmennafulltrúa. Hugmyndin að baki jafningjafræðslunni er að nemendur fræðist af jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera sam-, tvíkyndhneigð eða transgender manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkyndhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína. Jafningjafræðslan beinist að nemendum á gagn- og framhaldsskólastigi.

Framhaldsskólar hafa einnig óskað eftir fyrirlestrum í tengslum við þemadaga í sínum skólum og hefur fræðslufulltrúi brugðist við því. Eftirspurn eftir fræðslu er mikil, og er reynt að sinna því eftir bestu getu.

### Fræðsla til fagfólks

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa Samtökin '78 reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðsla félagsins hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar. Lífandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólastarfs og bættri líðan nemenda. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali milli Samtakanna '78 við sveitarfélögin og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins. Sigríður Birna ráðgjafi sinnti einnig fræðslu til starfsfólks skóla, framhaldsskólakennara, starfsfólks félagsmiðstöðva og frístundaheimila auk þess sem hún heimsótti 6. og 7. bekk í Grandaskóla. Hún fór einnig nú í janúar og hélt erindi um kynáttunarfanda barna á ráðstefnu á vegum Barna og unglingsgeðdeildar um geðrænan vanda barna og unglinga.

### Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg

Samtökin '78 og Reykjavíkurborg gerðu með sér samstarfssamning til þriggja ára sem tók gildi 1. janúar 2012. Með samningnum skuldbinda Samtökin '78 sig til þjónustu við hinsegin fólk í Reykjavík ásamt fræðslu í skólum og til fagstétta borgarinnar. Styrkurinn nemur 2,5 milljónum króna á ári samningstímann á enda.

### Stattu með!

Stattu með! er verkefni sem er í undirbúningi hjá Samtökunum '78. Megin tilgangur verkefnisins er framleiðsla stuttra myndbanda sem beint yrði að ungmennum. Í gegnum myndböndin fræðast ungmenni um hinsegin veruleika ásamt því að kenna gagnkyndhneigðum jafningjum hinsegin ungmenna viðeigandi viðbrögð við fordómum, niðrandi tali sem og að hvetja þau til að standa með hinsegin félögum sínum. Verkefnið er á frumstigi, en fengist hefur styrkur frá Landsbanka Íslands og Góða Hirðinum til handritsgerðar. Leit stendur yfir að fjármagni fyrir næstu stig verkefnisins sem væru framleiðsla myndbandanna ásamt ýtar- og námsefni. Verkefnið heldur áfram fram á næsta starfsár.

## RÁÐGJÖF

Markmið ráðgjafar hjá Samtökunum 78 er að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu, bæði út frá tilfinningalegum þáttum og einnig út frá ýmsu því sem snýr að réttindamálum. Boðið er upp á 1 – 5 viðtöl en í einhverjum tilfellum hefur verið boðið uppá fleiri viðtöl ef talin er þörf á því, eins hefur það aukist að einstaklingar greiði fyrir fleiri viðtöl. Í öðrum tilfellum er einnig bent á aðra sérfræðinga utan Samtakanna ef talin

er þörf á því. Hægt er að panta viðtal á skrifstofu Samtakanna eða hringja beint í ráðgjafa í síma 777-4278 . Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtölin en Samtökin fá styrk frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum til að mæta kostnaði við ráðgjöf og fræðslu.

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 4 árin, vorið 2012 bættist nýr ráðgjafi í hópinn, Anna María Valdimarsdóttir sálfræðingur. Elísabet Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi sinnti einnig ráðgjöf í upphafi árs. Sigríður Birna og Anna María halda áfram að sinna ráðgjöf árið 2013 og Elísabet kemur að öllum líkindum aftur til starfa vorið 2013.

Eftirspurn eftir viðtölum var nokkuð jöfn yfir árið 2012 og þörfin er greinilega mikil en viðtölum fjölgaði mikið frá árinu 2011 eða úr 54 í 96. Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 15 – 40 ára en nú eru konur töluvert fleiri en karlar. Helsta breytingin er sú að yngri fólki hefur fjölgað mikið og börn og unglingar sækja meira í ráðgjöfina, ýmist ein eða í fylgd með foreldrum sínum.

Ástæður þess að koma í viðtal virðast líka hafa breyst aðeins. Ein helsta ástæða komu til ráðgjafa er nú vegna transmálefna, þar á meðal eru foreldrar transfólks, ungt fólk í kynáttunarfanda og transfólk sem komið er lengra í ferlinu. Einnig hafa foreldrar og aðstandendur mjög ungra barna leitað ráðgjafar vegna hugsanlegs kynáttunarfanda barna sinna. Þessi fjölgun ýtir undir þá kröfu að Samtökin '78 geri þennan málaflokk sýnilegri t.d. á vefsíðu sinni og á bókasafni. Ráðgjafar hafa oft rekið sig á það að það er lítið til af nýjum bókum og heimildamyndum í þessum málaflokki og því þyrfti að breyta til þess að koma til móts við þarfir þessa hóps.

Það hefur einnig aukist að hinsegin fólk leitar ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika sem ekki endilega tengjast kynhneigð þeirra beint.

Enn leitar fólk mikið til ráðgjafa vegna vangaveltna í kringum það ferli að „koma út úr skápnunum“. Einnig var eitthvað um að aðstandendur leituðu til ráðgjafa, svo sem mæður, feður og systkini. Spurningarnar sem tengjast því að „koma út“ eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta annað hinsegin fólk til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi. Ráðgjafi rak sig oft á það að félagslíf hinsegin fólks er ekki mjög aðgengilegt og lítið af viðburðum sem hægt er að beina fólki á, sérstaklega fólki sem komið er yfir 35 ára aldur og þörfin fyrir meira félagslíf innan Samtakanna virðist vera til staðar.

Margir vilja ræða um ólíkar hliðar málefna er tengjast börnum, bæði samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tæknifrjóvgun, ættleiðingu stjúpbarna, réttindamálum kjörforeldra, barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna og barneignum homma.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Í október 2012 hittist í fyrsta skipti stuðningshópur fyrir foreldra og aðstandendur transfólks og barna í kynáttunarfanda. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og Sigríður Birna ráðgjafi leiðir hópinn. Hópnum hefur verið mjög vel tekið og með hverjum fundi fjölgar í hópnum.

Fyrir marga er viðtal hjá ráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í


samband við annað hinsegin fólk.

Viðtöl á fyrstu mánuðum ársins 2013 benda til þess að ekkert lát sé á aðsókn í viðtöl og að þeim fækki ekki á þessu ári. Framtíðarsýn ráðgjafans er að á árinu 2013 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og að ráðgjafar leiti sér frekari fræðslu t.d í formi námskeiða eða ráðstefna erlendis sem sérstaklega beinast að þessum málaflokki. Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafarþjónustu Samtakanna '78 eigi bara eftir að aukast og því sé mikilvægt að koma til móts við ráðgjafana með það í huga.

### Heildarfjöldi viðtala árið 2012:

Viðmælendur	Fjöldi	Fjöldi viðtala
Konur/transkonur	33	51
Karlar/transkarlar	20	27
Fjölskyldur/pör	21 viðmælandi *	15
Símaviðtöl	3	3
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>77</b>	<b>96</b>
Viðtöl sem féllu niður	8 (+?)	13

\*lesbískt par, tvenn hjón, einar mæðgur, ein mæðgin og þrjár fjölskyldur.



### Helstu ástæður komu (heildarfjöldi viðtala):


Koma út	21
Óöryggi v. kynhneigðar	8
Fjölskylduerfiðleikar	3
Segja börnum frá/áhyggjur af börnum	1
Eignast börn	0
Sambýlisvandi	2
Réttindi	0
Kynáttunargvandi/mál sem snerta transfólk	32
Tilfinningatengdir erfiðleikar	17
Vegna kynhneigðar barna	10

## MENNINGAR- OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ

### Opin hús í félagsmiðstöð

Opin hús í félagsmiðstöð var hvert fimmtudagskvöld frá kl. 20–23 auk fastra funda ýmissa starfshópa, svo sem ungliðahóps, Q-félags hinsegin stúdenta, Hinsegin kórinn og Trans-Íslands. Bókasafnið var opið frá 20–23 á fimmtudögum auk þess að vera opið alla virka daga frá 13-17 þ.e. á opnunartíma skrifstofu. Videokvöldin sem voru flest miðvikudagskvöld í byrjun árs voru ekki nægilega vel sótt og var því ákveðið að hætta með þau amk í bili. Eins og áður hefur komið fram er opið hús á fimmtudögum og á föstudögum er Q-félag hinsegin stúdenta með ýmiss konar uppákomur. Ungliðahópurinn er svo með fundi og opið hús á sunnudögum. Á laugardögum hefur salurinn ýmist verið lánaður út fyrir ýmsa viðburði hjá starfshópum S'78 eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi. KMK (konur með konum) hafa verið duglegar að nýta aðstöðuna í ár og svo hefur nýr félagsskapur kvenna sem kallar sig Brjótum Ísinn verið iðnar og verið með uppákomu fyrsta laugardag hvers mánaðar við mjög góðar undirtektir. Í september voru Bears on Ice með sinn fasta viðburð í félagsmiðstöð á hátíðinni sinni en það kvöld er alltaf vel sótt. Kaffihús S78 meðan á ILGA sundmótinu stóð dró einnig að sér ríflega 230 gesti.


Hér að neðan má sjá skiptingu gesta félagsmiðstöðvar eftir viðburðum en lausleg talning sýnir að 3637 gestir sóttu viðburði, opin hús og félagsstarf í Regnbogasalnum almanaksárið 2012 samanborið við 2342 gesti 2011.



## Bókasafn

Safnið var opið á fimmtudögum kl. 20–23. Þá sinnti framkvæmdastjóri þeim gestum sem óskuðu útlána og lesstofuþjónustu síðdegis alla virka daga og fer sú þjónusta vaxandi. Þá er safnið opið á sunnudagskvöldum til útlána fyrir ungt fólk sem hittist í félagsmiðstöðinni. Safnið bauð því upp á þjónustu við gesti í u.þ.b. 25 tíma á viku árið 2012. Safnkosturinn er skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Alls tóku sjö félagar vaktir í sjálfboðavinnu. Alla skráningu og samskipti við Landskerfi bókasafna annast Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur, en Þorvaldur Kristinsson leiðir starfið á safninu. Vinnuframlag sjálfboðaliða í safnavinnu á liðnu ári nam alls um einum og hálfum verkmanuði ef frá er talin þjónusta við gesti síðdegis virka daga.

Heildareign safnsins var á áramótum 4877 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 19 gögn (76 árið 2011; 60 árið 2010; 92 árið 2009); bókakostur jókst um 9 titla (84 árið 2011; 47 árið 2010; 68 árið 2009), en mynddiskum fjölgaði um 10 titla (26 titla árið 2011; 13 árið 2010; 24 árið 2009). Fimm tímarit berast safninu ókeypis en eitt í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif og háskólastúdentar og fræðafólk nýtir safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkrunarfræði, lögfræði, félagsráðgjöf, kennslufræði og fleiri greinum. Sú þjónusta er stöðug á vetrum enda er hér um að ræða besta bókasafn landsins í sinni grein. Brýnt er þó að efla kost fræðibóka til muna ef þessi þjónusta á að standa undir nafni í framtíðinni.



Heildarútlán safnsins námu 355 titlum (581 árið 2011; 384 árið 2010; 720 árið 2009) og nemur samdráttur útlána um 39% frá fyrra ári (51% aukning 2011; 47% samdráttur 2010; 30% samdráttur 2009). Bækur voru um 58% af útlánunum og kvikmyndaefni 42% (46% og 54% árið 2011; 47% og 53% árið 2010). Á tímabilinu 1999–2005 var útlánaaukning um 3–7% milli ára, 2006–2008 var samdráttur um 5–10% milli ára. Árið 2009 var 30% samdráttur, árið 2010 47% samdráttur. Árið 2011 jukust útlán um 50% en hröpuðu síðan á liðnu ári og hafa ekki verið lægri frá aldamótum. Frammi fyrir þeirri stöðu er vert að rýna í stöðu safnsins og hvernig rekstri þess verði best háttáð í framtíðinni.

Ástæður samdráttar eru trúlega margvíslegar. Möguleikar fólks á að sækja myndefni á Netið og erlendar sjónvarpsstöðvar hafa haft gríðarleg áhrif á útleigu myndefnis sem var lengst af um 60% af öllum útlánunum. Það er sambærilegt við þróun á myndbandaleigum í samfélaginu. Samdrátturinn á liðnu ári skýrist jafnframt af lítilli viðbót við safnkostinn á því ári (hafa ber þó í huga að verulegur hluti af nýju efni var skráð inn í janúar 2013) og loks því að félagsmiðstöð er nú opin einu sinni í viku í stað tveggja kvölda áður. Útlán safnsins á mánudagskvöldum voru lengst af um 25–30% af heildarútlánunum og mestur hluti safngesta var árum saman fólk sem vitjaði félagsmiðstöðvarinnar á opnunarkvöldum. Til að efla starfsemi safnsins gildir að sumu

leyti hið sama og í öllum öðrum söfnum, að efla innkaup. Til að meta árangur starfseminnar má líka hafa til hliðsjónar það viðmið að það telst góður árangur í rekstri bókasafna með *sérhæft efni* ef árleg útlán nema 15–20% af heildarsafnkosti. Árið 2012 var þetta hlutfall um 9% í safni Samtakanna '78.

## ÚTGÁFA OG FJÖLMIÐLUN

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is ásamt samfélagsmiðlum á borð við Facebook síðu sína [facebook.com/samtokin78](https://www.facebook.com/samtokin78), Facebook síðu Hýraugans [facebook.com/hyraugad](https://www.facebook.com/hyraugad) og Twitter síðu Samtakanna [twitter.com/samtokin78](https://twitter.com/samtokin78).

Vinna stendur enn yfir við að uppfæra vef og tölvukerfi Samtakanna en sú vinna gengur hægt sökum tímaskorts sjálfboðaliða. Þörf er á að uppfæra vefinn svo að útlit hans taki mið af farsímum og töflum auk þess að auka við enskuhluta vefsins. Stefnt er að því að ljúka þessari vinnu á þessu ári.

Vinnan sem unnin hefur verið á þessu ári hefur að miklu leiti snúið að því að fá tölfræði um notkun miðlanna og reyna þannig að fá betri innsýn í þarfir notenda. Þar að auki var fréttabréf Samtakanna sett upp í nýju kerfi sem heitir MailChimp sem hefur þá kosti að það gefur mjög góða tölfræði og heldur betur utan um póstlistann sjálfan. Póstkerfi Samtakanna var fært yfir í Google Apps sem hefur gefið mjög góða raun og Google Analytics aðgangur settur upp til að skrá notkunartölfræði fyrir vef Samtakanna.

Frá því að mælingar hófust í desember hefur vefurinn verið heimsóttur um 2.500 sinnum. Um 1.750 af þessum heimsóknum voru frá einstaklingum sem höfðu ekki heimsótt vefinn eftir að mælingar hófust. Athygli vekur að um 80% þessara heimsókna voru frá notendum sem eru með ensku skilgreinda sem tungumál sitt og um 80% þeirra eru staðsettir á Íslandi. Af því má leiða að mun fleiri enskumælandi notendur eru að heimsækja vefinn en telja mætti. Því er skýr þörf á að auka við enskuhluta vefsins og íhuga að setja fréttir á ensku á vefinn.

Í janúar var fréttabréf Samtakanna fært yfir í MailChimp fjölpóstkerfið. Það hefur gefið innsýn í lestur og dreifingu fréttabréfsins sem hefur ekki verið aðgengilegt hingað til. Í ljós hefur komið að fjöldi netfanga sem fá fréttabréfið er talsvert minni en það sem áður var talið eða um 750 en ekki 1.100 eins og eldri tölur gerðu ráð fyrir. Af þessum 750 sem eru að fá fréttabréfið opna tæplega 200 manns póstinn hverju sinni. Þó að það virðist mögulega vera lítið þá er það hlutfallslega hærra en meðaltal póstlista sem sendir eru út á heimsvísu. Við getum því verið sátt við það hlutfall þótt vissulega megi fjölga meðlimum á póstlistanum.

Facebook síða Samtakanna nær einnig til fjölda fólks. Að meðaltali sjá um 3.000 manns eitthvað efni frá Samtakasíðunni á viku og er hún því að ná til flestra einstaklinga af núverandi miðlum. Það fylgir þó ekki sögunni hvort þessir notendur lesi efnið þó að það komi upp á síðunni hjá þeim. Rúmlega 2.200 manns hafa sett „Like“ á síðuna en aðeins um 100 manns eiga bein afskipti af síðunni að meðaltali á viku.

Facebook síða Hýraugans er enn virk og fær sendar fréttir frá vef Samtakanna en almenn notkun síðunnar er frekar lítil. Þó eru um 850 manns með síðuna „Like-aða“. Virkni Hýraugans er því takmörkuð við það.

Twitter síða Samtakanna er lítið notuð en hún hefur þó lengi verið til án þess að margir hafi vitað af henni. Þar má þó sjá pósta frá Facebook síðunni sem og tengingar í fréttabréf Samtakanna. Þá má einnig finna tengingar í fjölmargar aðrar áhugaverðar Twitter síður sem fjalla um hinsegin málefni.

Póstkerfi Samtakanna var fært til Google á árinu og hefur það margvíslega möguleika í för með sér. Enn er verið að vinna að því að fullnýta þá möguleika en stefnt er að því að stórauka þá nýtingu með tilkomu nýrrar stjórnar. Almennir félagsmenn ættu þó ekki að

finna sérlega mikið fyrir þessum breytingum enda lúta þær að mestu að almennum rekstri og samstarfi stjórnar, starfsfólks og sjálfboðaliða.

Á næsta ári mun vinna við að bæta öll þessi kerfi halda áfram en áherslu verður að leggja á að auka framboð á enskum upplýsingum og fréttum sem og kerfi sem stuðla að því að halda þekkingu og upplýsingum innan Samtakanna óháð einstaklingum. Eins og alltaf er þörf á sjálfboðaliðum til að aðstoða við þessa vinnu. Hafi fólk áhuga og þekkingu til að aðstoða við þessa vinnu er fólk bent á að setja sig í samband við skrifstofu eða að senda póst á [sjalfbodalidar@samtokin78.is](mailto:sjalfbodalidar@samtokin78.is)

## VIÐBURÐIR

### Trúnaðarráðsfundir

Þann 9.júní var haldinn fyrri fundur trúnaðarráðs og stjórnar. Form fundarins var klassísk hópavinna þar sem meðal annars var á dagskránni stefnumótun, orðabók, fræðsla, fjölgun félaga og fjáröflun.

Síðari lögbundni fundur trúnaðarráðs og stjórnar var þann 27. október á Selfossi. Á fundinum var blanda af hópavinnu, umræðum, hópeflisæfingum og svo framvegis. Það var margt gagnlegt sem kom útúr deginum, nefnda og hópastarf ýmislegt auk hugmyndavinnu bæði fyrir afmælisárið og húsnæðismál. Dagurinn endaði svo á því að hópurinn borðaði saman áður en aftur var keyrt til Reykjavíkur.

Trúnaðarráðið þetta árið var fámennara en skyldi. Tveir meðlimir ráðsins fluttu erlendis á árinu, ráðsmenn voru almennt mjög uppteknir auk þess sem hagsmunafélögin eru ekki að nýta sér þá heimild sem þau hafa til þess að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráðið. Fullskipað trúnaðarráð ætti að telja 20 manns en svo margir hafa aldrei sótt þessa fundi. Við skorum því á hagsmunafélögin að skipa öfluga talsmenn sinna félaga sem fulltrúa í trúnaðarráð því þannig er hægt að hafa bein áhrif á starf Samtakanna.

### Félagsfundir

Haldinn var einn stór félagsfundur á árinu, fimmtudaginn 15. nóvember, þar sem kynnt voru, lögum samkvæmt, drög að fjárhagsáætlun ársins 2013 og farið almennt yfir fjárhag félagsins. Þá fór formaður lauslega yfir starfsárið fram að fundi, varaformaður kynnti nefndastarfið og þá var einnig kynntar hugmyndir varðandi afmælisárið. Fundurinn var mjög góður þó ekki væri hann fjölmennur.

### Afmælishátíð 27.júní – Frumvarp um réttarstöðu transfólks

Afmælishátíð Samtakanna '78 var að þessu sinni haldin í samvinnu við félagið Trans-Ísland enda tóku ný lög um réttarstöðu transfólks (fólks með kynáttunarvanda) gildi þennan dag. Stjórnir félaganna beggja sáu um veitingar í boðinu og var þar margt góðra gesta allt frá almennum félagsmönnum, velunnurum, fyrrum þingmönnum og meira að segja einn forsetaframbjóðendanna lét sjá sig. Önnu Kristjánsdóttur var þakkað fyrir hennar góða starf í nefnd velferðarráðherra sem samdi frumvarpið og áttu gestir góða stund saman fram á kvöld.

Þann 5.júlí bauð svo borgarstjórnin í Reykjavík, Jón Gnarr til móttöku í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur til þess að fagna gildistöku laganna. Boðið var uppá léttar veitingar, formaður Trans-Ísland Elísa Björg Husby flutti ávarp ásamt Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra og formaður Samtakanna '78 þakkaði gestgjöfunum fyrir boðið og kallaði til Hinsegin kórinn sem söng nokkur lög sem þakklætisvott.

### Hinsegin dagar



Á þessu starfsári tóku Samtökin '78 aftur virkan þátt í Hinsegin dögum. Mannréttindaviðurkenningar Samtakanna '78 voru afhentar á opunarhátíð Hinsegin daga í Háskólabíó, Samtökin tóku þátt í göngunni og voru með þrjá sölubása við hátíðarsvæðið á Arnarhóli á laugardeginum. Því miður stóð salan ekki undir væntingum enda fáir þyrstir í gosdrykki í rigningarveðrinu sem heiðraði okkur þann daginn. Aðalmarkmiðið með þátttökunni er alltaf aukinn sýnileiki, og er það mat stjórnar að Samtökin eigi að vera flaggskip í hópi hinsegin fólks. Hópur stjórnar- og félagsmanna klæddist bolum sem á stóð „Stoltur félagi“ bar fána Samtakanna og þessháttar auk þess sem nokkrir skátar fylgdu okkur í göngunni með fánaborg.

## Mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78

Mannréttindaviðurkenningar Samtakanna '78 voru afhentar á opunarhátíð Hinsegin daga í Háskólabíó. Auglýst var eftir tilnefningum á póstlista Samtakanna og fóru þær á lista með tilnefningum sem stjórn og trúnaðarráð kaus milli. Í flokknum *Hópur, félag eða fyrirtæki* hlaut viðurkenningu MBL-Sjónvarp fyrir þeirra þátt í auknum sýnileika hinsegin fólks, fyrst með þáttunum „Útúr skápnum“ þar sem samkynhneigðir sögðu reynslusögur sínar og svo þáttunum TRANS þar sem við fylgdumst með transfólki og fræddumst um hvað það þýðir að vera trans, ferlið sem transgender einstaklingar þurfa að ganga í gegnum og svo framvegis. Birna Ósk Hansdóttir og Gylfi Þor Þorsteinsson veittu verðlaununum viðtöku. Í flokknum *Einstaklingur utan félags* hlaut viðurkenningu dr. Óttar Guðmundsson, læknir á Landsspítalanum, sem hefur í gegnum starfið orðið öflugur talsmaður fyrir bættri málsmeðferð tranfólks. Hann sat í nefnd velferðarráðherra sem samdi lagafrumvarpið um réttarstöðu transfólks og er vafalaust sá einstaklingur innan heilbrigðiskerfisins sem mesta þekkingu hefur á efninu. Í flokknum *Einstaklingur innan félags* hlaut viðurkenningu Anna Kristjánsdóttir sem hefur verið mjög áberandi í umræðunni um transfólk og öflugur talsmaður réttarbóta til handa þeim. Hún hefur þannig orðið andlit sem fólk almenningur kannast við og tengir við umræðuna um málefni transfólks. Hún starfaði sem fulltrúi Trans-Ísland í nefnd velferðarráðherra um réttarstöðu transfólks þeirri sömu og samdi frumvarpið góða. Allir verðlaunahafar hlutu gullmerki Samtakanna '78, innrammað viðurkenningarskjal ásamt blómvendi.

## Meningarnótt – Gakktu í bæinn!

Samtökin opnuðu húsakynni sín fyrir gestum og gangandi á Menningarnótt í ágúst síðastliðnum undir yfirskriftinni „Gakktu í bæinn!“ Félagsmiðstöðin var opin frá klukkan 14 og langt fram á kvöld og þar var hægt að lesa um starfsemi félagsins á sérstökum upplýsingaspjöldum á veggjum, meðlimir stjórnar og trúnaðarráðs bökðu vöflur og hljómsveitin Ylja yljaði gestum með fallegum tónum. Þetta var annað árið sem haft er opið hús á Menningarnótt og stöðugur straumur gesta sýnir að þar er örugglega kominn fastur punktur í starf félagsins.

## Videokvöld

Videokvöld Samtakanna '78 voru haldin reglulega fram á vormánuði og voru mjög vel sótt á köflum. Leitast var við að sýna sem fjölbreyttast efni sem höfðaði til okkar breiða hóps. Það er með videokvöldin eins og margt annað þau lögðust af sökum tímaskorts skipuleggjanda og auglýsum við því hér með eftir kvikmyndaáhugamanni til þess að sinna þessum anga starfseminnar.

## Dansleikir

Samtökin '78 stóðu fyrir einum dansleik á árinu 2012 það var jóla- og áramótaball sem haldið var föstudaginn 28. desember á skemmtistaðnum Kjallaranum, Laugavegi 73. Dj. Dick & Dyke héldu uppi stuðinu fyrir húsfylli góðra gesta sem að sjálfsögðu voru hýrir á brún og brá.

## Menningaraðventukvöld

Til stóð að halda aftur Menningaraðventukvöld í desember, en þegar til átti að taka fengust ekki nógu margir til þess að taka þátt í dagskránni. Þar munar sérstaklega um tilmæli Rithöfundasambands Íslands um að höfundar lesi ekki uppúr verkum sínum án þess að fá greitt fyrir. Það höfum við ekki þurft að gera áður og gæti orðið dýrt fyrir félagið ef við þurfum nú að fara að greiða öllum sem koma fram á viðburðum félagsins. Við skiljum að sjálfsgöðu að fólk þurfi að fá greitt fyrir sína vinnu en eðli félagsins er félagsstarf sem að miklu leyti byggir á sjálfböðavinnu þar sem fólk gefur vinnu sína til að styðja við starf félagsins.

## Jólabingó

Föstudaginn 7. desember fór fram árlegt Jólabingó S78 í þriðja sinn í Bingóhöllinni í Vinabæ. Stórglæsilegir vinningar voru í boði og hinsegin fólk í miklu stuði. Bingóspilarar fylltu húsið og hefðu vart getað verið fleiri. Jólabingó Samtakanna '78 er mikilvæg fjárfölnarleið fyrir félagið og var áægjulegt að sjá hversu góð mætingin er á þennan viðburð. Bingóstjórar voru þau Árni Pétur Guðjónsson og Hrönn "Tooth" Svans sem slógu á léttu strengi samhliða því að stýra herlegheitunum. Jólabingóið gengur ekki upp án þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstaklinga sem leggja okkur til vinninga af miklum rausnarskap en heildarverðmæti vinninga var ríflega 1.3 milljón króna. S78 þakka eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn: **Adrenalíngarðurinn, Anna Sigríður Sigurjónsdóttir, Artic Adventures, Birtingur, Bjartur Veröld, Bodyshop, Brown and Berg, Byko/Norvík, Cintamani, Crossfit Sport, Draggkeppni Íslands, Elding, Fiskfélagið, Gaypride, Gísli Magna, Guðbjörg Pálsdóttir - Dúkkulísurnar, Happaprenna Happdrætti Háskólans, Hárgreiðslustofan Hárhornið, Hárgreiðslustofan Króm, Hárgreiðslustofan Onix, Hekla Ísland/ Guðrún Ó. Axelsdóttir, Hinsegin kórinn, Hlíðarfjall, Hótel Bláfell, Hreyfing, Icelandair Hotels (Satt og Slippbarinn), Ísgerðin, Íslenski dansflokkurinn, Íþróttafélagið Styrmir, Jómfrúin, Karla Dögg Karlsdóttir, Keiluhöllin, Kimi Records, Laugarvatn Fontana, Mar, Menam, Miðborgin - Jakob Frímagn Magnússon, Mjólkursamsalan ehf., Natthawat Vormool, Nexus, Núðluskálin, Of Monsters and Men, Pink Iceland, Pítan, Rafha, Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir, Rakarastofan Herramenn, Rekstrarvörur ehf., REY Apartments, Reykjavík Wellness, Salka, Sigrún Björg Þorgeirsdóttir, Síminn hf., Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sjávargrillið, Skátarnir, Skinnfiskur, Skjárinn, Smokkur.is, Sokkabúðin Cobra, Sportís ehf., Subway, Sæferðir, Tapashúsið, Tara leggwear, Tölvulistinn, Tónlist.is, Uno, Uppheimar, Valdimar, Velmerkt, Við Tjörnina, Vitabar, WOW Air, Þjóleikhúsið.** Það eru margir félagar sem koma að söfnun vinninga. Vinir og vandamenn aðstoðuðu við frágang og þökkun vinninga og við þökkum þeim öllum fyrir ómetanlega aðstoð. Síðast en ekki síst þökkum við Erni Danival Kristjánssyni en hann starfaði sleitulaust að undirbúningi sem sjálfböðaliði vikunnar á undan.

## World Outgames

Á haustmánuðum barst boð til stjórnar frá viðburðasviði Reykjavíkurborgar um þátttöku í undirbúningshóp sem hafði það hlutverk að sækja um að halda World Outgames í Reykjavík 2017. Árni Grétar framkvæmdastjóri var skipaður fulltrúi stjórnar í hópnum sem vann mjög metnaðarfulla umsókn. Það er skemst frá því að segja að Reykjavík komst í lokahóp ásamt Miami sem hreppti svo hnossið. Svekkjandi fyrir okkar fólk en engu að síður mikil reynsla sem fékkst í gegnum þetta ferli og tvímælalaust hlaut Ísland og Reykjavík mikla athygli sem áhugaverður staður fyrir hinsegin fólk að heimsækja.

## Jólatrésskemmtun

Félag hinsegin foreldra sér nú alfarið um jólatrésskemmtun fyrir hinsegin fjölskyldur með fjárhagslegum stuðningi Samtakanna '78. Jólaballið var haldið 15. desember í

safnaðarheimili Laugarneskirkju og var allt á sínum stað, jólatré, jólasveinar, jólasöngvar og sætindi.

## EVROÐUSAMSTARF

Samtökin '78 hafa um árabil verið aðildarfélag ILGA-Europe sem eru regnhlífarsamtök yfir 400 LGBT félaga um alla Evrópu. ILGA-Europe starfrækja skrifstofu í Brussel og njóta eins og mörg önnur mannréttindasamtök styrkja frá Evrópusambandinu.

### **Þátttaka Samtakanna '78 í ESB tengslanetinu**

Snemma árs 2011 bauðst Samtökunum '78 að senda fulltrúa til þátttöku í svokölluðu ESB-tengslaneti ILGA Europe sem starfrækt hefur verið síðan 2001. Samtökunum '78 var boðin þátttaka í þessum hópi í kjölfar umsóknar Íslands að Evrópusambandinu en í ESB-tengslanetinu eiga sæti um 30 fulltrúar landsfélaga frá öllum ríkjum ESB, auk umsóknarríkja. Fulltrúarnir í tengslanetinu funda tvisvar á ári, annaðhvort í Brussel eða í þeirri borg sem ársfundur ILGA-Europe er haldinn hverju sinni, en ILGA-Europe endurgreiðir fulltrúunum þann kostnað sem þeir þurfa að standa straum af vegna ferða og uppihalds.

Í upphafi það stjórn Samtakanna Hilmar Magnússon alþjóðastjórnsmálafræðing um að taka að sér þetta hlutverk fyrir þeirra hönd og hélt hann því áfram á árinu 2012. Tveir fundir voru haldnir í tengslanetinu á árinu. Sá fyrri var haldinn í Brussel í mars/apríl og sá síðari í Dublin á Írlandi í október í tengslum við ársfund ILGA Europe. Auk fundarsetu sinnti Hilmar samskiptum við ILGA-Europe og sá um vinnu við gerð og öflun upplýsinga fyrir tengslanetið fyrir hönd Samtakanna '78.

### **Tilgangur ESB-tengslanetsins**

ESB tengslanetinu er ætlað að vera þrýstiafl á stofnanir Evrópusambandið og stjórnvöld í aðildarríkjum þess. Þar gefst aðildarfélögunum kostur á að samhæfa stefnu sína og aðgerðir og skiptast á upplýsingum. Þá er markmiðið ekki síður að styrkja aðildarfélögin sjálf með því að bjóða upp á aðgang að þekkingu, námskeiðum og fleiru sem lýtur að uppbyggingu og viðhaldi innra starfs þeirra. ESB tengslanetið er hugsað sem viðvarandi verkefni þar sem mikið er lagt upp úr samfellu í starfinu. Sú áhersla er sett til að tryggja virkni netsins sem og að þekkingin sem af tengslunum sprettur geymist örugglega og komist til skila.

### **Yfirlit ársins 2011 um stöðu mannréttinda LGBT fólks í Evrópu**

ESB-tengslanetið kemur að fjölmörgum verkefnum ILGA-Europe á hverju ári, bæði með virkri þátttöku fulltrúanna og upplýsingamiðlun. Á fyrri hluta ársins bar hæst vinnu við yfirlit ILGA-Europe um stöðu mannréttinda LGBT fólks í Evrópu á árinu 2011. Annállinn kom út í maí 2012 og var þetta í fyrsta skipti sem ILGA Europe réðist ásamt aðildarfélögunum í slíka útgáfu, en til stendur að annállinn verði árlegur viðburður hér eftir. Samtökin '78 sendu út fréttatilkynningu í kjölfar útgáfunnar og var henni gerð góð skil í fjölmiðlum.

Tilgangur yfirlitsins er að draga upp raunsanna mynd af lagalegri, pólitískri og félagslegri stöðu LGBT fólks í Evrópu og eru bæði stofnanir og ríki viðfangsefni þess. Með gerð yfirlitsins er skapað gott verkfæri fyrir baráttufólk fyrir réttindum LGBT fólks enda er aðgangur að góðum og áreiðanlegum upplýsingum forsenda þess að hægt sé að taka á þeim málum sem helst brennur á hverju sinni. Hverju ríki í Evrópu, þ.m.t. Íslandi, er tileinkaður sérstakur kafli í ritinu þar sem stiklað er á stóru yfir stöðu og þróun mála.

## Mögulegur margvíslegur ávinningur upplýsingaöflunar

Þar sem töluverð vinna fer í að finna og vinna bakgrunnsefni í ársyfirlitið væri réttast að nýta hana sem best og notfæra samlegðaráhrif. Þannig gætu Samtökin nýtt efnið til að skrifa árlegt, og ítarlegra, yfirlit á íslensku um stöðu og þróun mála hérlandis. Þannig væri tryggt að upplýsingarnar nýttust félagsmönnum og stjórn sem allra best. Vinnan við yfirlit ársins 2013 stendur einmitt sem hæst þessar vikur í mars 2012 og hefur fulltrúi Samtakanna '78 nýlokið við að taka saman efni og vinna í samvinnu við fulltrúa ILGA Europe.

## Hvatning og þrýstingur á íslensk stjórnvöld og Evrópuráðið

Af öðrum verkefnum á vettvangi ILGA Europe má helst nefna þátttöku Samtakanna í að þrýsta á aðildarríki Evrópuráðsins um að fara að ráðleggingum ráðherranefndar ráðsins um að tryggja réttindi LGBT fólks. Mikill misbrestur hefur verið á því að aðildarríkin hafi farið eftir eigin samþykktum í þessum efnunum og sum telja sig reyndar algerlega óskuldbundin af ákvörðunum ráðsins. Samtökin '78 hafa tekið þátt í samræmdum aðferðum ILGA Europe sem miða að því að þrýsta á og hvetja LGBT „vinveitt“ ríki til að halda málefnum á lofti og vinna því fylgist innan ráðsins. Af þessu tilefni hefur alþjóðafulltrúi ítrekað verið í sambandi við íslensk stjórnvöld, m.a. með bréfaskriftum til utanríkisráðherra og þeirra þingmanna sem eru fulltrúar Íslands á vettvangi Evrópuráðsins.

# MANNRÉTTINDI OG ALÞJÓÐASTARF

## Málefni Úganda og Úkraínu

Málefni Úganda og síðar Úkraínu voru reglulega í brennidepli á árinu þar sem fyrirhuguð er mjög hörð lagasetning gegn hinsegin fólki. Rússar eru einnig stöðugt að taka skref til lagasetningar sem þrengir að tjáningarfrelsi hinsegin fólks. Alþjóðasamfélagið hefur mótmælt þessu hart og Alþjóðanefnd Samtakanna '78 hefur þrýst á utanríkisráðherra að beita sér í málinu sem hann hefur og gert þar sem færi hefur gefist. Í haust ákvað stjórn Samtakanna að bjóða þingmönnum í bío á heimildamyndina „Call me Kutchu“ sem sýnir einmitt baráttu félaga okkar í Úganda fyrir tilverurétti sínum. Barátta sem kostaði á endanum David Kato, einn helsta baráttumann hinsegin fólks þar í landi, lífið. Áhrifarík mynd sem sýnir glöggt hversu djúpstætt hatrið er á hinsegin fólki. Uppátækið var hugsað til þess að vekja þingheim til umhugsunar um ábyrgð okkar útávið í baráttunni fyrir bættum mannréttindum en því miður mætti enginn þingmaður á sýninguna.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Uglya Stefanía Jónsdóttir fulltrúi í stjórn fyrir hönd Samtakanna '78 og Sigurður J. Guðmundsson varafulltrúi.

## Í farvegi í íslensku samfélagi

Íslenskt samfélag er komið býsna langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks ekki síst með nýtilkomnum lögum um réttarstöðu transfólks. Þó var það svo að nóttina eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi var ráðist á transmann á bar í Reykjavík fyrir það eitt að vera trans og að hafa notað karlaklósettið. Það segir okkur einfaldlega að ekki eru öll vígi unnin ennþá þó við séum vissulega komin langt á veg. Það liggur fyrir að fylgja þarf eftir frumvarpinu um réttarstöðu transfólks með breytingum á hegningarlögum og sjá til þess að mismunun og ofbeldi gangvart transfólki líðist ekki. Það vakti athygli stjórnar hversu mótþróaust frumvarpið um réttarstöðu transfólks fór í gegnum þingið og þegar formaður hafði orð á því við velferðarráðherra þá vildi hann þakka það hinu góða starfi sem unnið hefur verið af Samtökunum '78 í gegnum tíðina. Fræðslan hafi skilað sér – líka inná þing.

En við megum ekki sofna á verðinum. Það voru ekki margir klukkutímar liðnir frá samþykkt ályktunar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um að kristin gildi skyldu vera grundvöllur lagasetningar á Alþingi þegar bloggheimar fóru af stað. Þar sáust setningar eins og að næst á dagskrá væri þá að afnema rétt til fóstureyðinga og að endurskilgreina hjónabandið sem samband manns og konu eingöngu. Það þarf ekki mikið til þess að staða okkar breytist frá því að vera góð í það að þurfa að verja sjálfsögð réttindi okkar. Fræðslan auk ráðgjafarinnar er og verður hryggjarstykkið í okkar starfsemi og er hún grundvöllur þess að löggjafinn og þorri almennings sé okkur hliðhollur.

Stjórn hélt áfram að þrýsta á að orðinu *kynvitund* yrði bætt inn í upptalningu á mismununarbreytum í jafnræðisreglu nýrrar stjórnarskrár. Valgerður Bjarnadóttir formaður Eftirlits- og stjórnskipunarnefndar mætti á fund í Samtökunum '78 og benti á leiðir fyrir okkur til þess að vinna málinu brautargengi því nefndarmenn væru almennt hlynntir þessari breytingu. Þó fór svo að þegar frumvarp að nýrri stjórnarskrá kom útúr nefnd þá var búið að taka út allar upptalningar og einfaldlega látið nægja að allir séu jafnir. Það kostar það að við verðum að vera dugleg að benda á að okkar réttindi séu almenn mannréttindi en ekki sérréttindi eins og margir andstæðingar okkar vilja halda fram. Á þessari stundu er ómögulegt að segja til um hver afdrif frumvarpsins verða.

Verkefni stjórnar eru mörg og síbreytileg í hverfulum heimi þar sem sífelld þarf að taka á nýjum aðstæðum. Bræður okkar og systur sem búa í löndum þar sem samkynhneigð er jafnvel refsiverð eiga skilið að við leggjum okkar litla lóð á vogarskálarnar til þess að berjast fyrir bættum heimi þeim og okkur öllum til handa.

## STARFSHÓPAR og HAGSMUNAFÉLÖG

### AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kom saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987--2009. Deildin á sér lengra og samfelldara líf en nokkur annar hópur á vettvangi Samtakanna. Starfið er í dag að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78 . AA-deild samkynhneigðra hittist á sunnudögum kl. 13.00. í Gula húsinu í Tjarnargötu 20. Vonandi liggur leiðin aftur í Regnbogasalinn á þriðjudögum í nánustu framtíð.

### DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasmótökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s Dyke on Bike!

### FAS – Félag foreldra og aðstandenda

Samtökin '78 hafa um langt skeið átt farsælt samstarf við FAS, meðal annars í gegnum



fræðsluverkefni sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur komið að og Þróunarsjóður Menntasviðs hefur styrkt myndarlega. Starfsemi félagsins liggur að mestu niðri þar sem lítil þörf virðist vera fyrir þennan félagsskap. Formaður hittir þó fólk sem þess óskar og einnig heldur félagið úti heimasíðu [www.samtokinfas.is](http://www.samtokinfas.is).

### **Félag hinsegin foreldra**

Tilgangur félags hinsegin foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem sam- og tvíkynhneigðir foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið stendur fyrir talsverðum fjölda atburða, ber þar hæst vorferð, útilegu, þátttöku í Hinsegin dögum og fjölskyldudag á sunnudeginum úti í Viðey og jólaball sem hefur verið einstaklega vel heppnað og vel sótt undanfarin ár.

Þið getið fundið okkur á facebook, undir *Félag hinsegin foreldra* eða sent okkur póst á [gayforeldrar@gmail.com](mailto:gayforeldrar@gmail.com).

### **HILDI**

HLDI eru sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra heyrnarskertra og skapa góðan vettvang fyrir félagslíf. HILDI hópurinn hittist reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári.

### **Hinsegin bíódagar**

Hinsegin bíódagar skipa mikilvægan sess í menningarlífi hinsegin fólks og á þeim gefst fólki tækifæri til að sjá kvikmyndir sem annars myndu ekki rata í kvikmyndahús borgarinnar. Hinsegin bíódagar hafa verið haldnir þrisvar í Reykjavík og síðast í tengslum við Hinsegin daga í Reykjavík.

### **Hinsegin dagar í Reykjavík – Gay Pride**

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og að stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Gay Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagar geta allir þeir gerst sem vilja styðja markmið félagsins og vinna að markmiðum þess. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta gerst félagar.

### **Hinsegin kórinn**

Hinsegin kórinn var stofnaður síðla sumars 2011 og hefur frá upphafi haft aðsetur og æfingaaðstöðu í Regnbogasal Samtakanna '78. Líflegt starf fer fram innan kórsins en virkir félagar eru í dag um fjörutíu talsins. Á árinu 2012 var kórinn m.a. opnunaratriði Hinsegin daga í Reykjavík auk þess að fara í tónleikaferð til Færeyja og halda ferna sjálfstæða tónleika. Stjórnandi kórsins er söngkonan Helga Margrét Marzellíusardóttir. Hinsegin kórinn heldur úti facebook-síðu sem finna má á [www.facebook.com/hinseginkorinn](http://www.facebook.com/hinseginkorinn) en auk þess má hafa samband við stjórn kórsins gegnum netfangið [hinseginkorinn@gmail.com](mailto:hinseginkorinn@gmail.com)

### **Hin – Hinsegin Norðurland**

HIN - Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri miðvikudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Félagið er einnig með facebook-síðu undir nafninu *HIN-Hinsegin Norðurland* þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki Starfsskýrsla 2012-2013

um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Fyrirspurnir og frekari upplýsingar veitir María Ólafsdóttir formaður, [gardinustong@gmail.com](mailto:gardinustong@gmail.com) eða í síma 823-6529.

### **Hinsegin útlendingar**

Á haustmánuðum 2011 kom formaður S'78 ásamt Ahmad Ba'ara á fót facebook-hópi fyrir hinsegin útlendinga, *S'78 - LGBT foreigners in Iceland – Hinsegin útlendingar á Íslandi*. Markmið hópsins er að auðvelda hinsegin útlendingum að finna hvern annan og vera vettvangur þeirra og fólks sem hefur áhuga á samskiptum við þau til að hittast og ræða málin. Mörgum þykir erfitt að kynnast okkur Íslendingum og er hópurinn því ákveðin brú inn í hinsegin samfélagið á Íslandi. Hópurinn sem nú telur 64 manns, útlendinga sem og nokkra Íslendinga, hittist reglulega á kaffihúsum þar sem málin eru rædd.

### **Íþróttafélagið STYRMIR**

Félagið hefur frá stofnun þess árið 2006 haft það að markmiði að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og telja að með sýnileika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi.

Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, meðal annars á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu sem haldið var í blíðskaparveðri í Reykjavík síðasta sumar. Styrmir á einmitt heiðurinn að því móti og velheppnaðri framkvæmd þess. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið, við góðan orðstír. Fleiri stór mót með erlendum keppendum og æfingabúðir eru hugsanlega á döfinni.

Styrmisfólk heldur nú reglulegar æfingar í fótbolta, blaki, sundi og skotfimi en nánari upplýsingar um stað- og tímasetningar æfinga má finna á facebook og heimasíðu félagsins [www.styrmir.is](http://www.styrmir.is). Íþróttafélagið Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með aðildarfélag að ÍSÍ og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

### **KMK – Konur með Konum**

KMK, skemmtifélag er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugleði, sumarútilegu, jólabókakvöld o.fl. Í fjölda ára hefur blaklið æft og keppt í nafni KMK, Róðraliðið Gasellurnar kepptu á sjómannadaginn sl. eftir margra ára hlé. KMK heldur árlega golfmót og reglulega yfir árið kvennakvöld í Regnbogasalnum.

### **Lez Jungle samfélagið**

Sumarið 2008 stofnuðu nokkrar stelpur knattspyrnuhóp undir merkjum Lez Jungle. Allar stelpur eru velkomnar án tillits til getu. Þær standa einnig reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum, m.a. á Trúnó. Lez Jungle samfélagið má finna á slóðinni [www.lez-jungle.com](http://www.lez-jungle.com) og einnig hér [www.facebook.com/lezjungle](http://www.facebook.com/lezjungle).

### **MSC Ísland**

MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlmanna og starfar óháð Samtökunum '78. MSC rak eigin klúbb við Laugaveg en honum var lokað á síðasta ári. Nú orðið snýst því starfsemi félagsins aðallega um fasta viðburði eins og fullveldishátíð 1. desember sem er eins konar árshátíð félagsmanna.



## Trans Ísland

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynáttun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir regnhlíf S'78, hittist fyrsta miðvikudag í mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin eru skemmtikvöld annað slagið. Hópurinn vinnur að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætlunin að gefa þær bókasafni S'78 til varðveislu og útlána.

Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni

<http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>. Einnig má benda á facebook-síðu félagsins, [facebook.com/transisland](https://www.facebook.com/transisland), en þar er fullt af upplýsingum um félagið og starf þess.

## Ungliðahreyfing Samtakanna '78 / Queer Youth of Reykjavík

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsókn í félagið var með svipuðu móti og árið á undan en þó með minni sveiflum. Eins og alltaf var fjölbreytt starf í gangi og má þar nefna fræðslufundi, bíómyndakvöld, spilakvöld og sleepover auk þess sem ungliðarnir voru með sinn eigin pall á Hinsegin dögum eins og hefð er fyrir. Að jafnaði mættu 7-25 ungmenni á aldrinum 13-19 ára sem er mjög svipað og árið á undan og tilheyra þau mörgum mismunandi hópum hinsegin menningar. Aukinn sýnileiki ungs hinsegin fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, fjölmiðlaumfjöllun og fræðslu í skólum hefur á undanförunum árum fest ungliðahópin í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Þriggja manna ungliðastjórn er kjörin árlega til að sjá um starf ungliðanna í samstarfi við umsjónarfólk sem aðstoðar við umsjónina. Ungliðastjórn er kjörin að hausti af ungliðunum sjálfum og sitja þau Sólon Huldar Bjartmarsson, Ástrós Sif Kolbrúnardóttir og Agnes Helga Jónsdóttir í núverandi stjórn.

Þeim til halds og trausts eru Uglya Stefanía Jónsdóttir fræðslufulltrúi Samtakanna '78, Fríða Agnarsdóttir og Sigurður Júlíus Guðmundsson meðlimir í stjórn Samtakanna '78 og Guðmunda Smári Veigarsdóttir. Undanfarna mánuði hefur Anna Stína Gunnarsdóttir einnig sinnt þeim störfum.

## Q - félag hinsegin stúdenta

Undanfarið hefur Q-félag hinsegin stúdenta flutt mikinn hluta starfsemi sinnar til Samtakanna '78, eftir árangurslausar viðræður við Háskóla Íslands um að fá aðstöðu þar. Samtökin buðu Q velkomin og gáfu félaginu aðstöðu í fundarherbergi Samtakanna fyrir vikulega stjórnarfundum. Einnig fékk Q geymsluaðstöðu hjá Samtökunum til að geyma gamlar skýrslur og önnur verðmæti í eigu félagsins sem höfðu verið á vergangi í nokkurn tíma.

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu okkar fólks hér á landi.

Q stendur fyrir vikulegum félagskvöldum í Samtökunum '78 alla föstudaga yfir vetrartímann og er mæting mjög góð.

Eftirtaldir lögðu til efni í þessa skýrslu; Árni Grétar Jóhannsson, Fríða Agnarsdóttir, Guðmundur Helgason, Guðrún Ó. Axelsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hilmar Magnússon, Pétur Óli Gíslason, Sigríður Birna Valsdóttir, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Uglá Stefanía Jónsdóttir og Þorvaldur Kristinsson.